

## Fréttatilkynning:

Ef nánari uppl. óskast vinsamlegast hafið samband við Guðrúnu Jónsdóttur framkv. stýru þingflokks Kvinnalistsans, sími 563 0705, fax 563 0740, e-mail [gudrj@althingi.is](mailto:gudrj@althingi.is), mynd af Agnetu finnst á netinu: <http://www.hoe.se/org/inst/esa/personal/aask.html>

## Jafnréttismenntun landsfeðranna

Dr. Agneta Stark í Norræna húsinu fimmtud. 13.nóv. kl. 20.30



Dr. Agneta Stark er virtur hagfræðingur við Stokkhólmsháskóla. Hún er róttækur feministi og hefur látið til sín taka á alþjóðavettvangi, aðallega í tengslum við launajafnrétti. Hún skrifaði m.a. "Hálf völdin, öll launin" og "Höfum við efni á hinum dýru karlmönnum?" þar sem hún setur spurningamerki við hin háu laun karla og telur að ef kvenmannskaup væri viðmiðunin yrði niðurstaðan að karlar hefðu allt of há laun. Hún kom hingað og hélt erindi á norrænu ráðstefnunni um "Konur, atvinnu og efnahagsmál" sl. vor. Hún er nú á Íslandi í boði Kvinnalistsans. Agneta mun hita upp fyrir landsfund Kvinnalistsans sem haldinn verður að Úlfjótssvatni 14.-16. nóv. Í þetta skipti ætlar hún að tala um allt annað en launamál. Hún ætlar að fjalla um það hvernig koma eigi landsfeðrunum á janfréttisnámskeið.

Svíar hafa gert myndarlegt átak til þess að auka vitund ráðamanna um stöðu kynjanna. Mona Sahlin áleit í sinni tíð sem jafnréttisráðherra að þekking væri lykillinn að því að ráðamenn samþættu janfréttissjónarmið hefðbundnum stjórnámálum. Hún ákvað að bæta þekkingu þeirra og stóð sjálf fyrir fyrsta jafnréttisnámskeiðinu. Hún gerði sér grein fyrir því að mikilvægast að væri að byrja á valdamestu mönnunum. Fyrsti nemandinn var Ingvar Carlsson þáverandi forsætisráðherra. Síðan var mikilvægt að fá virtri og klókri manneskju ábyrgð á verkefningu, búa til vandað námsefni og mennta liðið.

Agneta Stark tók að sér verkið ásamt Birgittu Hedmann frá sænsku hagstofunni. Agneta hefur uppfært Göran Persson forsætisráðherra og restina af sænsku ríkisstjórninni um stöðu kynjanna. Hún hefur haldið námskeið fyrir öll ráðuneyti, biskupa, aðalforstjóra ríkisfyrirtækja, blaðafulltrúa og fl. Hún mun einnig segja frá reynslunni í Svíþjóð af samfléttun janfréttissjónarmiða í alla málaflokka, bæði því jákvæða og hættunum sem fylgja.

Heimsókn Agnetu tengist umræðu innan Kvinnalistsans um nýjar leiðir í kvennabaráttu. Kristín Halldórsdóttir hefur lagt fram mikilvægt lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir því að allar nefndir þingsins sem mæla með samþykkt þingmáls verði að greina stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif samþykktin geti haft fyrir þessa stöðu. Þessu frumvarpi á að fylgja eftir með ýmsum fleiri tillögum og í bígerð er tillaga frá Kvinnalistanum um jafnréttismenntun fyrir lykilpersónur í stjórnámálum og í stjórnkerfinu. Heimsókn Agnetu er dýrmætt innlegg í umræðuna. Fyrirlesturinn verður á ensku, en auðvitað má bera fram spurningar á norðuriandamálum.